

Nesfréttir

JÚLÍ 2018 • 7. TBL. • 31. ÁRG. • www.borgarblod.is

30. ára

Vesturbæjarútibú við Hagatorg



 **Frétt 11-16**

Hádegisstillboð

LÍTIL PIZZA
af matsedli og 0,333 cl gos **1.000 KR.**

MIÐSTÆRÐ
af matsedli og 0,333 cl gos **1.500 KR.**

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS



Mikil stemning á 17. júní hátíðarhöldunum

Opið
8-24
alla daga
Á EIDISTORGI
HAGKAUP

SELTJARNARNESBÆR



www.seltjarnarnes.is

Það vantaði ekki gleðina þann 17. júní sl. þegar Seltirningar héldu uppá þjóðhátíðardag Íslendinga eins og aðrir landsmenn en þetta árið er 200 ára fullveldisafmæli Íslands einnig minnst. Líklega hafa aldrei fleiri tekið þátt í skrúðgöngunni en um tvöþúsund manns gengu fylktu liði frá leikskólanum að Bakkagarði með lúðrasveitina, fánabera frá björgunarsveitinni og mótórhjálalögglur í broddi fylkingar.

Hátíðarhöldin fóru afar vel fram í Bakkagarði og skein gleðin úr hverju andliti. Sjöfn Þórðardóttir formaður menningarnefndar hélt hátíðarræðu, Áslaug Dóra Eyjólfs-

dóttir var fjallkonan og Tómas Gauti Jóhannsson kynnr. Dagskrá dagsins sem sniðin var að íbúum á öllum aldri var eins og veðrið mjög fjölbreytt og flott. Á sviðinu kom lúðrasveitin m.a. fram, Bibí og Björgvin, hljómsveitin Karma Brigade og söngkonan Sýlvía Erla ásamt dönsurum. Frítt var í öll tæki en m.a. var boðið uppá bátasiglingu, vatnabolta, laser-tag, rennibrautir og hoppukastala, andlitsmálningu og hestateymingar. Biðraðir voru í veitingatjöldin auk þess sem það skiptist á skin og skúrir, eins og vera ber á 17. júní.

Sjá myndir frá þjóðhátíðardeginum á bls. 5.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka

 Íslandsbanki

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Verður nýja byggingin án barna?

Nú er unnið að því koma upp viðbyggingu við leikskólann á Seltjarnarnesi. Þótt hún sé aðeins hugsuð til bráðabirgða – á hún að leysa ákveðinn vanda í leikskólamállum. Þessu var haldið fram í umræðum á liðnu vori. Að bjart væri yfir þessum málaflökki í bæjarfélaginu.

Foreldrar tóku þessum fréttum fagnandi enda eiga margir mikið undir því að koma börnum í leikskóla. Nesfréttir hafa spurnir af því að einhverjir hafi sagt lausum plássum sem þeir höfðu hjá dagmæðrum. Í von um að börnin fengju pláss í leikskóla í haust.

Nú virðist þessi von foreldra á Seltjarnarnesi vera úti. Útlit er fyrir að ekki takist að fá leikskólakennara til starfa í hinum endurbætta skóla.

Ástæða þess er launaþróun í landinu. Launaþróun þar sem toppar í atvinnulífi og einnig í opinberri þjónustu hafa rakað til sín launahækkunum án nokkurrar fyrirhafnar. Þegar launahækkanir til annarra bera á góma er þeim líkt við þjóðarógn.

Engu líkara er að bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi hafi gleymt að örðugt gæti orðið að ráða nýja leikskólakennara í ljósi launamála þegar gefin voru fyrirheit um að flest börn fengju leikskólapláss í haust. Og nú sitja hugsanlega foreldrar uppi með vandræði eftir að hafa sagt plássum hjá dagmæðrum lausum. Og spurning er um hvort nýja byggingin verði án barna.

Smáhýsi við leikskólann tekin í notkun í haust



Leikskólinn á Seltjarnarnesi.

Þessa dagana er unnið að því að reisa smáhýsi við leikskólann á Seltjarnarnesi. Áætlað er að húsin komi til landsins seinni partinn í ágúst. Eftir það mun taka um viku til 10 daga að ganga frá þeim þannig að hægt verði að hefja leikskólastarf þar í byrjun september.

Tvær deildir verða starfræktar í smáhýsum sem eru vel skipulögð, 270 fermetrar á einni hæð. Þeim verður ráðað þannig saman að

um eitt hús verður að ræða með inngangi fyrir miðju sem snýr að leikskólanum. Smáhýsin eru hugsuð sem tímabundin lausn á húsnæðisvanda leikskólans en áætlað er að hefja hönnun nýs leikskóla á komandi haustmánuðum. Gangi þær fyrirætlanir eftir sem stefnt er að mun byggingu hins nýja leikskóla ljúka innan þriggja ára og þá er ætlunin að smáhýsin verði fjarlægð.

 **HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



Nýja aðkeyrslan við Mýró.

Framkvæmdum við Mýró að ljúka

Framkvæmdir vegna bættrar aðkeyrslu eða snúningssvæðis við Mýrarhúsaskóla eru á lokastigi. Snúningssvæðið er ætlað til þess að foreldrar og aðrir íbúar bæjarins geti stoppað til þess að hleypa börnum úr bílum þegar þau eru á leið í skólann.

Þá er frágangur á vörumótöku og sorpgeymslu við eldhús

Mýrarhúsaskóla einnig á lokastigi. Þessi breyting mun tryggja öryggi skólabarna þar sem að um lokaða aðkomu með hliðið er að ræða og bifreiðar sem flytja aðföng og taka sorp munu því ekki fara inn á skólalóðina. Þá bæta þessar breytingar aðstöðu starfsfólks eldhúsins til muna.



Urtagarðurinn stækkaður

Nú er verið að ljúka við að stækka Urtagarðinn á Seltjarnarnesi. Stjórn garðsins hefur í samstarfi við Seltjarnarnesbæ að undanfögnu unnið að stækkun hans, sem er óðum að taka á sig mynd eins og sjá má á nýjum myndum sem teknar voru úr dróna.

Í nýja hlutann verður bætt við heilmiklu af urtum til viðbótar við það sem fyrir er og meðal annars verður þar að finna sérstakt eplatré. Allar urtirnar í Urtagarðinum hafa gengt hlutverki í lækningum eða verið nýttar til næringar og heilsubótar á fyrri tímum. Hluti plantnanna tilheyrir íslenski flóru og hefur lækningamáttur þeirra lengi verið landsmönnum kunnur. Aðrar urtir eru innfluttar en hafa verið ræktaðar í landinu um lengri eða skemmri tíma. Urtagarðurinn í Nesi var fyrst opnaður árið 2010 en nýi hlutinn verður tilbúinn nú í sumar.

Kjötkompaní

GRILLUM
&
NJÓTUM

Hafnarfirði & Grand a

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Jónsmessugangan 2018

Það voru sannkallaðar hetjur sem létu veðrið ekki stoppa sig af á Jónsmessuhátíðinni þetta árið. Þegar hin árlega Jónsmessuganga var haldin hér á Seltjarnarnesinu en rigningin var með ólíkindum þetta hásumarkvöld.

Gangan byrjaði við Hákarlaskúrinn þar sem hann Sigurður tók á móti gestum, bauð öllum upp á veitingar í hjallinum sínum. Þaðan var gengið sem leið lá að fuglaskoðunarhúsinu við Bakkatjörn þar sem göngugestir þjöppuðu sér saman inni í sjálfru húsinu en Kristinn Haukur Skarphéðinsson fuglafræðingur var fyrir utan og hélt skemmtilega tölu inn um gluggann um fuglalífið og svaraði spurningum. Hópurinn arkaði svo að Urtagarðinum við Nesstofu þar sem Lilja Sigrún Jónsdóttir læknir og stjórnarformaður Urtagarðssins sagði aðeins frá



garðinum og stækkuninni sem nú er í framkvæmd á vegum þeirra og Seltjarnarnesbæjar. Í Ráðagerði tók svo ilmandi vöflulyktin á móti rennandi blautum hópnum enda rigningin búin að vera lárétt um tíma. Það vantaði því ekki að allir væru sáttir og sælir þegar þeir gæddu sér á heitu súkkulaði og vöfum með rjóma undir hressandi harmonikkuleik Stefáns Bjarnasonar. Gestum gafst kostur á að skoða Ráðagerði hátt og lágt auk þess sem Þórður Jónsson sagði aðeins frá sögu hússins og forfeðrum hans þeirra Þórðar og Þórunnar sem byggðu það. Mál manna var hversu fallett húsið er og sagan sem því fylgir mikil. Ný Jónsmessuganga verður haldin að ári með nýjum ævintýrum ... vonandi í sól og blíðu!

Sundlaug Seltjarnarness



Haukur Geirmundsson íþrótta- og tólmstundafulltrúi Seltjarnarnesbæjar fyrir miðju á myndinni tók við viðurkenningunni.

Fyrirmyndarstofnun ársins 2018

Sundlaug Seltjarnarness var á dögunum valin Fyrirmyndarstofnun ársins 2018 í flokknum Stofnun ársins borg og bær 2018 í könnun sem að Gallup lét gera fyrir starfsmannafélag Reykjavíkurborgar á meðal aðildarfélaga sinna.

Það er gaman að segja frá því að á síðasta ári lenti Sundlaug Seltjarnarness í þriðja sæti í sömu könnun og stekkur því nú í toppsætið sem eru afar ánægjuleg tíðindi. Starfsfólki sundlaugarinnar eru senda innilegar hamingju-óskir en Haukur Geirmundsson íþrótta- og tólmstundafulltrúi Seltjarnarnesbæjar tók við viðurkenningunni fyrir hönd sundlaugarinnar.

Nesfréttir Sími: 511 1188

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stöðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkjáþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Bílapvottur / djúphreinsun
Bjódum við upp á almennan bílapvott, djúphreinsun, bön ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / áklæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slifflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 · 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is · www.tjon.is



Myndir frá 17. júní hátíðarhöldunum



BIFREIDASKOÐUN

Vissir þú að við skoðum bíla á Grandanum?

Þar skoðum við flestar tegundir ökutækja þ.m.t. ferðavagna og húsbíla

Verið velkomin í skoðunarstöð Frumherja að Hólmaslóð 2, Granda.



 **Frumherji**
www.frumherji.is



Ný bæjarstjórn

hélt sinn fyrsta fund 18. júní sl. Á þeim fundi voru kosnir nýir fulltrúar í nefndir og ráð fyrir kjörtímabilið 2018-2022

1. Yfirkjörstjórn:

- D – Davíð B. Gíslason, formaður
 - D – Árni Ármann Árnason
 - S – Gunnlaugur Ástgeirsson
- Varamenn:
- D – Guðmundur Jón Helgason
 - D – Svana Helen Björnsdóttir
 - S – Magnús Rúnar Dalberg

2. Almannaþingarnefnd:

- D – Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri
- Varamaður:
- D – Magnús Örn Guðmundsson

3. Bæjarráð:

- D – Magnús Örn Guðmundsson, formaður
 - D – Sigrún Edda Jónsdóttir
 - S – Guðmundur Ari Sigurjónsson
- Varamenn:
- D – Bjarni Torfi Álfþórsson
 - D – Ásgerður Halldórsdóttir
 - S – Sigurþóra Bergsdóttir

4. Fjölskyldunefnd:

- D – Bjarni Torfi Álfþórsson, formaður
 - D – Árni Ármann Árnason
 - D – Sjöfn Þórðardóttir
 - S – Sigurþóra Bergsdóttir
 - N – Ragnar Jónsson
- Varamenn:
- D – Sigrún Edda Jónsdóttir,
 - D – Ragnhildur Jónsdóttir,
 - D – Sigríður Sigmarsdóttir
 - S – Guðmundur Ari Sigurjónsson
 - N – Halldóra Jóhannesdóttir Sanko

5. Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands:

- D – Ásgerður Halldórsdóttir
- Varamaður:
- D – Magnús Örn Guðmundsson

6. Fulltrúaráð Eirar:

- D – Jónína Þóra Einarsdóttir
- D – Jóhanna Runólfsdóttir
- S – Sigurþóra S. Bergsdóttir

7. Fulltrúaráð SSH:

- D – Magnús Örn Guðmundsson
 - S – Guðmundur Ari Sigurjónsson
- Varamenn:
- D – Sigrún Edda Jónsdóttir
 - S – Sigurþóra S. Bergsdóttir

8. Fulltrúaráð Sorpu:

- D – Magnús Örn Guðmundsson

10. Íþrótt og tómstundanefnd:

- D – Sigríður Sigmarsdóttir, formaður
 - D – Kristján Hilmir Baldursson
 - D – Lárus Gunnarsson
 - S – Helga Carlotte Reynisdóttir
 - N – Saga Ómarsdóttir
- Varamenn:
- D – Guðmundur Helgi Þorsteinsson
 - D – Guðrún Jónsdóttir
 - D – Hákon Jónsson
 - S – Stefania Helga Sigurðardóttir
 - N – Dagbjört H. Kristinsdóttir

11. Skólanefnd:

- D – Sigrún Edda Jónsdóttir, formaður
 - D – Ragnhildur Jónsdóttir
 - D – Guðmundur Helgi Þorsteinsson
 - S – Hildur Ólafsdóttir
 - N – Björn Gunnlaugsson
- Varamenn:
- D – Kristján Hilmir Baldursson
 - D – Lárus Gunnarsson
 - D – Þórdís Sigurðardóttir
 - S – Sigurþóra Bergsdóttir

12. Menningarnefnd:

- D – Guðrún Jónsdóttir, formaður
 - D – Guðni Sigurðsson
 - D – Þórdís Sigurðardóttir
 - S – Stefania Helga Sigurðardóttir
 - N – Margrét H. Gústavsdóttir
- Varamenn:
- D – Lárus Gunnarsson
 - D – Kristján Hilmir Baldursson
 - D – Hannes Tryggvi Hafstein
 - S – Helga Carlotte Reynisdóttir
 - N – Karl Pétur Jónsson



13. Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis:

- D – Hannes Tryggvi Hafsteinsson
- S – Magnús R. Dalberg

Varamenn:

- D – Bjarni Torfi Álfþórsson
- S – Hildur Ólafsdóttir

14. Skipulags- og umferðarnefnd:

- D – Ragnhildur Jónsdóttir, formaður
- D – Ingimar Sigurðsson
- D – Sigríður Sigmarsdóttir
- S – Þorleifur Örn Gunnarsson
- N – Ragnhildur Ingólfsdóttir

Varamenn:

- D – Guðrún Brynja Vilhjálmsdóttir
- D – Guðrún Jónsdóttir
- D – Hannes Tryggvi Hafstein
- S – Karen María Jónsdóttir
- N – Garðar Gíslason

15. Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga:

- D – Ásgerður Halldórsdóttir
- D – Magnús Örn Guðmundsson
- S – Guðmundur Ari Sigurjónsson

Varamenn:

- D – Sigrún Edda Jónsdóttir
- D – Bjarni Torfi Álfþórsson
- S – Sigurþóra S. Bergsdóttir

16. Stjórn Strætó:

- D – Sigrún Edda Jónsdóttir

Varamenn:

- D – Magnús Örn Guðmundsson

17. Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins:

- D – Ásgerður Halldórsdóttir

Varamenn:

- D – Magnús Örn Guðmundsson

18. Stjórn Sorpu:

- D – Bjarni Torfi Álfþórsson

Varamenn:

- D – Magnús Örn Guðmundsson

19. Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins:

- D – Magnús Örn Guðmundsson

Varamenn:

- D – Sigrún Edda Jónsdóttir

20. Svæðisskipulagsráð SSH:

- D – Ragnhildur Jónsdóttir,
- S – Þorleifur Örn Gunnarsson

21. Umhverfisnefnd:

- D – Hannes Tryggvi Hafstein, formaður
- D – Hákon Jónsson
- D – Guðrún Jónsdóttir
- S – Karen María Jónsdóttir
- N – Dagbjört H. Kristinsdóttir

Varamenn:

- D – Guðmundur Helgi Þorsteinsson
- D – Sigríður Sigmarsdóttir
- D – Ragnhildur Jónsdóttir
- S – Stefán Bergmann
- N – Garðar Gíslason

22. Stjórn Veitustofnana:

- D – Ásgerður Halldórsdóttir, formaður
- D – Guðmundur Jón Helgason.
- D – Friðrik Friðriksson
- S – Magnús R. Dalberg
- N – Rán Ólafsdóttir

Varamenn:

- D – Bjarni Torfi Álfþórsson
- D – Sigrún Edda Jónsdóttir
- D – Sjöfn Þórðardóttir
- S – Karen María Jónsdóttir
- N – Páll Árni Jónsson

23. Öldungaráð:

- D – Petrea I. Jónsdóttir
- S – Guðmundur Ari Sigurjónsson

Varamenn:

- D – Sigríður Sigmarsdóttir
- S – Sigurþóra Bergsdóttir

Viðtal við Guðna A. Jóhannesson

„Búum í einstakri nálægð við fuglalíf og náttúru“

Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri hefur búið á Nesbala á Seltjarnarnesi í tæpan áratug. Hann segir sérstakt að búa þar í tengslum við fuglalífið og náttúruna og ekki síður sé þægilegt að hafa golfvöllinn nánast í göngufæri.

Guðni bjó lengi í Svíþjóð og stundaði nám í eðlisverkfræði við Háskólann í Lundi þar sem hann lauk doktorsprófi. Árið 1990, eftir átta ára dvöl á Íslandi, fékk hann prófessorstöðu við Byggingatæknideild Verkfræðiháskólans í Stokkhólmi, með sérstaka áherslu á orkunýtingu húsa. Rannsóknir hans hafa að mestu snúist um orkunýtingu í byggingum og hinu byggða umhverfi og vísinda- og ráðstefnugreinar sem hann hefur skrifað liggja flestar á því sviði. Hann segir tildrög heimkomunnar hafa verið að eiginkona hans, Bryndís Sverrisdóttir safnafræðingur fékk stöðu við Þjóðminjasafn Íslands. Hann hafi þá farið að líta í kringum sig eftir starfi á Íslandi og þá hafi staða orkumálastjóra verið að losna og hann sótt um. Þau hjón hafa þó ekki slitið öll tengsl við Svíþjóð. Bæði börn þeirra búa þar og starfa. Sverrir Páll er leikari og lék meðal annars tennishetjuna Björn Borg í nýlegri mynd og Gunnhildur Margrét er doktor í háls-, nef- og eyrnalækningum og starfar sem yfirlæknir við Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg. Guðni settist niður með Nesfréttum nýlega og ræddi um Nesið og ekki síður um starfssvið sitt sem eru orkumálin í skugga eða skjóli náttúruverndar eftir því hvernig á það er litið.

Hvernig bar það til að Seltjarnames varð fyrir valinu?

„Við bjuggum í Vesturbænum áður en við fluttum til Svíþjóðar. Eftir að við komum heim aftur bjuggum við fyrst á Eiðisgrandanum. Fljótlega varð þó ljóst að við yrðum að stækka við okkur vegna þess stærstur hluti fjölskyldunnar, börnin og barnabörnin búa öll í Svíþjóð. Við sáum að við yrðum að geta tekið á móti þeim og hýst þau þegar þau koma til landsins. Við fórum því að líta í kringum okkur sáum auglýst raðhús við Nesbala. Við hlupum til og festum kaup á því. Ég held að það hafi verið einu fasteignaviðskiptin sem fóru fram á höfuðborgarsvæðinu í vikunni eftir að



Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri.

Gerir Haarde hélt eftirminnilega ræðu og það Guð um að blessa Ísland.“

Fuglalífið er einstaklega áhugavert

Guðni segir gleði felast í því að búa við Nesbala. „Við höfum aldrei séð eftir því að hafa staðsett okkur þar. Fuglalífið við Bakkatjörnina er mikill gleðigjafi. Því miður kom álfín ekki upp ungum í ár. Hugsanlega er hún orðin of gömul og komin úr barneign eins og sagt er á mannamáli. Hún náði sér í stegg aftur eftir lát fyrri maka. Grunur er um að hún hafi gengið frá honum vegna þess að hann hafi ekki gætt unga þeirra nægilega vel og veiðibjallan tók hann og át. Álfín geta verið grimmar og eigi þessi grunsemd við rök að styðjast sýnir það að heimilisofbeldi getur átt sér stað í þeirra heimi ekki síður en annarra. En það eru engar beinar sannanir fyrir þessari kenningu þótt henni hafi verið velt upp.“ Guðni segir margar tegundir fugla heimsækja Bakkatjörnina en þau hjónin eru áhugafólk um fuglalíf. „Við höfum séð fáka koma og fara og um daginn sáum við branduglu. Það er sjaldgæft að þær séu hér en hafa tilhneigingu til þess að flaksast um eins og ránfuglar gera í varplöndum. Andategundir fara hér um og ég held

að sjá megi tegundir nánast á hverju ári sem ekki hafa komið áður. Gæsin er líka föst við Bakkatjörnina og á golfvöllinum má vaða gæsaskítinn upp í ökkla því hún er góður áburðardreifari og ber vel á landið. Fjörurnar eru líka stórkostlegar þótt einhver misbrestur hafi orðið við hreinsun þeirra.“ Guðni minnst fuglalífsins í Skutulsfirði fyrir vestan en þar átti tengdafaðir hans Sverrir Hermannsson fyrrum þingmaður og ráðherra sumarbústað og dvöldu þau Bryndís stundum hjá foreldrum hennar vestra. „Þar er mikið fuglalíf á sumrin og einstaklega áhugavert að ganga fjöruhringinn innst í Skutulsfirði á morgun þegar náttúran er að vakna til nýs dags.“

Þorskhausar með hunangi og kjúklingasoði

Guðni nefnir golfvöllinn sem annan gleðigjafa á Nesinu. „Við spilum mikið golf og gott að stutt er á golfvöllinn. Þar eigum við líka í samskiptum við fugla, einkum kríuna sem er fastagestur á golfvöllinum og mávurinn er ekki langt undan. Maður sér þegar makrillinn gengur upp að landi fyrir utan því þá er súlan að stinga sér tignarlega eftir æti.“ Talið berst að makrílnum og fleiri fæðutegundum. Guðni segir makrillinn

þungan í maga en minnst þess einnig að hér áður hafi loðna verið steikt í haframjöli til þess að minnka fitubrækjuna. Guðni er áhugamaður um fisk- og sjávarrétti og segir að eitt mesta lostæti sem hann geti hugsað sér séu heilgrillaðir þorskhausar smurðir með hunangi og kjúklingasoði til þess að fá gljáa á hausinn. „Matur og drykkur á Grandagarðinum er fyrir minn smekk með bestu veitingastöðum og þar fæ ég þennan uppáhaldsrétt minn. Ég held mikið upp á kæsta skötu en það má líka borða hana ferska. Frakkar flambæra t.d. skötubörðin í pernod. Ég ætlaði eitt sinn að prufa það og komst þá að því að erfitt væri að nálgast þau vegna þess að Frakkar keyptu upp allan aflann. Að lokum fékk ég skötubörð en þau eyðilögðust í frysti sem bilaði með voðalegum afleiðingum þannig að það komst aldrei í verk að reyna þetta. Ef til vill á ég eftir að prufa það síðar.“

Búum við hækkandi stöðu sjávar

En að orkumálunum sem Guðni fæst við dags daglega í störfum sínum hjá Orkustofnun. Þetta er stór málaflökkur og mönnum sýnist sitt hverjum um hvaða leiðir eigi að fara til þess að afla orku, dreifa henni um landið og nýta hana einkum í atvinnuskyni. Guðni segir að hafa verði í huga að við getum ekki látið loftslagsmálin afskiptalaus. Við getum þurft að bregðast við afleiðingum af hækkandi hitastigi og þeim áhrifum sem það geti haft á lífríkið. „Ísland liggur á flekaskilum Norður-Ameríkuflékans og Evrasíuflékans og gliðnun á sér stað á rekkbelnum sem liggja um landið frá suðvestri til norðausturs. Þetta leiðir af sér að sjávarstaðan hér vestan til á landinu hækkar um 10 sentimetra á öld. Við búum því við hækkandi stöðu sjávar gagnvart landi þótt ekkert annað komi til. Allar hugmyndir um að staðsetja kirkjugarð utarlega á Nesinu ættu þannig að vera út af borðinu nema við viljum að lærléggir okkar verði í framtíðinni til sýnis fyrir forvitna ferðamenn líkt og í gömlum kirkjugörðum í Hvalfirði.“

Skil á milli stóriðju og minni fyrirtækja að hverfa

Guðni segir að ýmislegt sé að breytast í orkumálunum. Fleiri aðilar

Á hverjum degi og þó sérstaklega um helgar er stöðugur straumur kraftmikilla sérútbúinna jeppa, 300 til 400 kílóvatta dísilorkuvera á fjórum hjólum, inn á hálendið. Hver bíll ber með sér um 100 lítra af dísilolíu.

vilji nú kaupa raforku, aðilar með mun margbreytilegri starfsemi en áður. „Þetta kemur sér mun betur fyrir efnahag okkar. Þessi fyrirtæki dreifast meira um landið og valda ekki eins mikilli röskun. Hin skörpu skil sem hafa verið á milli stóriðju og minni iðnfyrirtækja eru að hverfa. Þetta er jákvæð þróun sem styður líka við þau markmið sem við þurfum að hafa í umhverfismálum og getur eftt atvinnulíf í landinu.“

Ef Nesið væri í Bandaríkjunum væru loftlínur þar

Talið berst að orkudreifingunni, einu helsta deiluefni í raforkumálum þjóðarinnar. Hvort hún eigi að verða með loftlínunum eða jarðstrengjum. Guðni segir að við séum komin vel á veg miðað við marga aðra að flytja raforkuna neðanjarðar og bendir á að ef Seltjarnarnes væri í Bandaríkjunum myndu loftlínur liggja um allt nesið. „Þetta er ágreiningsefni og því fylgja líka tæknileg vandamál. Stjórnvöld leggja nú aukna áherslu á lagningu jarðstrengja og vilja að það sé skoðað hvort flutningslínunum megi koma í jörð þar sem sérstakar kröfur eru gerðar, t.d. vegna náttúru og menningarminja. Flutningskerfin hafa orðið eftir, því menn hafa ekki verið á eitt sáttir um hvernig standa beri að línulögnum og samkomulag liggur ekki fyrir um leiðir eða að hversu miklu leyti hægt er að nýta jarðstrengi til flutnings raforkunnar.“

Mikill munur á nýjum og eldri loftlínunum

Guðni bendir á að RARIK hafi unnið ótulllega að því að koma orkuflutningi þar sem um lægri spennu er að ræða niður í jörðina en vandamálið sé erfiðara viðfangs þegar kemur að raflínunum með hærri spennu. „Þá er verkefnið bæði orðið tæknilega erfiðara og dýrara. Okkur finnst flutningur á raforku nógu dýr í dag og eftir því sem meira fjármagn er lagt til dreifingar orkunnar til þess að hægt sé að koma henni til notenda á eðlilegan hátt eykur það hættuna á að hækka þurfi verð til almennings og iðnaðar. Deilt er um hversu mikill munur er á kostnaði við raflínur og jarðstrengi en menn verða að gera sér grein fyrir því hann er mismunandi eftir því í hvernig land strengirnir eru lagðir. Loftlínur fyrir háa spennu geta haft umtalsverð sjónræn áhrif og því mikilvægt að taka tillit til þess eins og hægt er. Við sjáum eldri, efnismikil stálgrindarmöstur á Hellsheiðinni þar sem lítið hefur verið gert til þess að takmarka sjónræn áhrif. Andstæðan við það er ný háspennn lína frá Þeistareykjum að Bakka við Húsavík. Þar eru sjónræn áhrif af 220 kílóvatta línu á pari við venjulega byggðalínu. Þetta byggist á því hvernig möstur og stauravirki eru hönnuð og þeim komið fyrir í landslaginu.“

Rafvæðing samgöngumála komin á fulla ferð

Orkuskipti í samgöngumálum eru hafin. Samgöngutæki eru farin að ganga fyrir rafmagn og nú er búið að koma upp hleðslustöðvum fyrir bíla meðfram hringveginum þannig að hægt er að aka hann allan á rafdrifum ökutækjum. „Þetta er komið á fulla ferð. Við erum með starfshóp sem vinnur að verkefni í sambandi við orkuskipti þegar skipt er frá jarðefnaorkugjöfum yfir í rafmagn í tiltekinni starfsemi. Þessi hópur vinnur með orkufyrirtækjum og söluáðilum að því markmiði að koma upp dreifikerfi og hleðslustöðvum fyrir ökutæki um allt land. Það er

mikill áhugi fyrir rafmagnsbílum bæði til einkanota og annarra samgangna. Strætó er að taka fyrstu rafmagnsvagnana í notkun og í framtíðinni munu minni rútbíllar sem ætlaðir verða fyrir styttri vegalengdir og hringi koma til með að ganga fyrir rafmagn. Við erum líka farin að framleiða lífildsneyti – metangas, metanól og dísilolíu úr repju. Hitaveituvæðingin á sínum tíma var ævintýri líkust og við getum notað þá þekkingu sem hún hefur gefið okkur til þess að ráðast í næsta skref í orkuskiptum sem eru samgöngumálin.“

Þróunin er á sumum sviðum mjög ör

Guðni segir að okkur finnst stundum eins og hlutirnir standi í stað og það verði mjög hægjar tæknibreytingar. „Ef við skoðum hins vegar þróunina almennt þá sjáum við að hún er á sumum sviðum mjög ör. Ljósaperur nota nú almennt ekki nema brot af þeirri raforku sem þær þurftu fyrir áratug til að gefa sama ljósmagn. Einangrunargler í gluggum húsa er með húðun sem endurvarpar varmageislun og eðalgas milli glerja gefur varmatap sem er einungis þriðjungur þess sem venjulegt einangrunargler gaf áður. Vindorka og sólarorka sem fyrir nokkrum árum fengu riflegar niðurgreiðslur til þess að ná endum saman efnahagslega nálgast nú að vera samkeppnishæfar við jarðefnaeldsneyti í raforkuframleiðslu. Það er ýmislegt að gerast í þessum málum.“

Lognmolla um dísilorkuverin

Guðni ræddi í árlegu jólaerindi orkumálastjóra meðal annars um dísilorkuver og sagði lognmollu ríkja í kringum þau miðað við byggingu vatns- og jarðvarmaorkuvera. Svo væri einnig um sérstakar „dísilvirkjanir“ á hálendinu sem orkumálastjóri hefði ekkert með að gera. „Á hverjum degi og þó sérstaklega um helgar er stöðugur straumur kraftmikilla sérútbúinna jeppa, 300 til 400 kílóvatta dísilorkuvera á fjórum hjólum, inn á

hálendið. Hver bíll ber með sér um 100 lítra af dísilolíu. Um 300 jeppar eru sameiginlega 10 MW orkuver og með tankarými fyrir 30 rúmmetra af dísilolíu. Um þetta hefur ekki verið fjallað í rammaáætlun og þessi ökutæki eru ekki háð umhverfismati. Bílunum er ekið undir miklu álagi, vélarnar eru farnar að gefa sig eins og við sjáum þegar þær ræskja sig út um púströrið á Miklubrautinni á leið út úr bænum. Sótmenngunin frá þessum ökutækjum er tiltölulega mikil og því til viðbótar lekur mótrolía, bremsugluggi og gírolía frá þeim á leiðinni um hálendið. Þessi dísilorkuver á hjólum eru svo skuluð reglulega, jafnt í jökulvatni sem ferskvatnsám. Mesta athygli vekur þó að eigendur þessara færanlegu dísilvirkjana virðast ekki hafa neinar áhyggjur af þeirri sjónmengun, sem þessum virkjunum þeirra fylgja, heldur taka stoltir myndir af þeim við helstu náttúruperlur Íslands og setja á samfélagsmiðla.“

Úr Skuggahverfinu á Seltjarnarnarress - með viðkomu í Svíþjóð

En hver er maðurinn sem stýrir orkumálum þjóðarinnar og hefur kosið sér búsetu á Seltjarnarnesi? „Ég er fæddur í Skuggahverfinu, við Hverfisgötuna í Reykjavík og ólst þar upp. Eftir grunnskóla lá leiðin í Menntaskólann í Reykjavík, svo Háskóla Íslands og þaðan til Lundar í Svíþjóð þar sem ég lagði stund á eðlisverkfræði og lauk doktorsprófi árið 1982. Að því búnu kom ég hingað heim og fékkst við ýmis störf þar til að ég sótti um prófessorsstöðu við Háskóla Íslands en var metinn vanhæfur. Mér hljóp eitthvert kapp í kinn við það og ákvað að sækja um prófessorsstöðu í Svíþjóð til þess að fá hæfnismat þar. Það vildi ekki betur til en að ég fékk stöðuna og gegndi stöðu prófessors við KTH í Stokkhólmi í 17 ár þar til við fluttum heim og ég tók við stöðu orkumálastjóra.“

**FERSKUR FISKUR
DAGLEGA**

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opið virka daga kl. 10 - 18:30



HANDVERK OG HÖNNUN flutt á Eiðistorg

„Við erum alsælar með að vera komnar hingað á Eiðistorg“ segir Sunneva Hafsteinsdóttir framkvæmdastjóri og fyrrverandi bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi. „Skrifstofa HANDVERKS OG HÖNNUNAR hefur frá upphafi verið í miðbæ Reykjavíkur en þegar við misstum húsnæðið í byrjun árs 2018 þá fundum við ekkert húsnæði sem hentaði í miðbænum. Við vorum heppnar að finna þetta fina húsnæði á Eiðistorgi. Hér fer mjög vel um okkur.“

Hvað er HANDVERK OG HÖNNUN?

„HANDVERK OG HÖNNUN var stofnað 1994 fyrst sem verkefni á vegum forsætisráðuneytis og síðan samstarfsverkefni fjögurra ráðuneyta þ.e. forsætisráðuneytis, iðnaðar-ráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis og félagsmálaráðuneytis. Árið 2007 var stofnuð sjálfseignarstofnun um starfseminna og frá þeim tíma hefur verkefnið starfað í skjóli mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Starfsemi HANDVERKS OG HÖNNUNAR er í raun einkonar þróunarsetur í handverki og listiðnaði á landsvísu. Við höfum orðið vitni að miklum framförum í gæðum og framboði á þessum árum. Starfsemi HANDVERKS OG HÖNNUNAR skiptir sköpum fyrir fjölmarga handverks-listiðnarmenn og hönnuði, ekki síst sem stuðningur við lítil einstaklingsfyrirtæki“

Hver eru helstu verkefni?

„Þau eru fjölbreytt. Við höfum auðvitað ákveðin skilgreind markmið sem koma fram í samningi okkar við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Til að ná þeim markmiðum gerum við ýmislegt. Við höldum úti vef sem er mjög umfangsmikill með mikið af upplýsingum um starfandi handverksfólk og hönnuði og mikið myndefni. Við sendum út rafrænt fréttabréf í hverri viku á 1200 netföng.

Á vefnum eru mjög fjölbreyttar upplýsingar og reynt er að kynna alla viðburði sem tengjast þessu sviði s.s. sýningar, fyrirlestra, námskeið o.fl. Verkefni, viðburðir og sýningar á vegum HANDVERKS OG HÖNNUNAR eru sérstaklega kynnt á myndrænan hátt. Á vefnum eru líka ítarlegar upplýsingar um mögulega styrki og menntunartækifæri á Íslandi og Norðurlöndunum. Vefurinn er bæði á íslensku og ensku.

Sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur

HANDVERK OG HÖNNUN skipuleggur sýninguna HANDVERK OG HÖNNUN í Ráðhúsi Reykjavíkur á hverju ári. Þessi viðburður í Ráðhúsinu sló strax í gegn, áhuginn er mjög mikill og aðsóknin frábær. Sýningin stendur í 5 daga, og hugmyndin er að gestir geti hitti fólk í bak við hlutina og flestir þátttakendur eru að kynna ný verk. Skúlaverðlaunin sem eru styrkt af Samtökum iðnaðarinnar eru afhent á sýningunni. Þau eru kennd við Skúla Magnússon fógeta sem er frumkvöðull smáíðnaðar á Íslandi. Skúlaverðlaunin eru veitt fyrir besta nýja hlutinn á sýningunni. Umsóknir um þátttöku eru alltaf fjölmargar en fagleg valnefnd velur þátttakendur. Næsta kynning verður í Ráðhúsinu í Reykjavík 22. til 26. nóvember 2018.”

Samstarf við Gunnarsstofnun

Við höfum lengi verið í góðu samstarfi við Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri. Undanfarnir ár höfum við haft reglulegt samstarf um páskasýningu Gunnarsstofnunar. Núna í vor þá skipulögðum við sýningu sem fékk nafnið Fluglar. Þar sýndu 10 listamenn fjölbreytta fugla ýmist úr pappír, tré eða leir. Þar var einnig kynnt bókinn Fluglar sem kom út um síðustu jól hjá Ángústúru. Þar að auki var spilið Fluglafár eftir þær Birgittu Steingrimsdóttur og Heiðdísíngu Hilmarsdóttur á staðnum og gátu gestir spreytt sig á spilinu.



Sunneva Hafsteinsdóttir og Fjóla Guðmundsdóttir starfsmenn HANDVERKS OG HÖNNUNAR.

Framhaldslíf á Ljósanótt

Núna erum við í samstarfi við Listasafn Reykjanessbæjar um sýningu sem hefur fengið vinnuheitíð Framhaldslíf og mun opna á Ljósanótt í lok ágúst. Meginþema þeirrar sýningar er: Umhverfismeðvitund - Endurnýting - Endurnotkun - Endurgerð. Með þessari sýningu erum við að hvetja hönnuði og handverksfólk til að senda inn verk sem eru unnin á umhverfisvænan hátt úr endurunnu hráefni. Sýningarstjóri er Ragna Fróða og velur hún þátttakendur. Það er föst venja hjá Reykjanessbæ að bjóða grunnskólanemendum í safnið á hverju hausti og ákveðið hefur verið að þessi sýning verði skólasýningin haustið 2018 hjá öllum grunnskólum í Reykjanessbæ.

Sjöttu samsýningar

Frá árinu 2000 hefur HANDVERK OG HÖNNUN haldið 70 samsýningar, þar af 33 úti á landi og 37 í Reykjavík. Heildarfjöldi þátttakenda í þessum sýningum er rúmlega 600. Síðustu ár hefur verið farið markvisst um allt land og hafa verið haldnir rúmlega 50 fyrirlestrar og fræðsluerindi frá árinu 2008. Boðið hefur verið upp á einstaklingsráðgjöf í tengslum við þessa fundi. Þetta hefur verið unnið í samvinnu við menningarfulltrúa, atvinnuráðgjafa, Þekkingarnet og fleiri. Við erum líka í erlendu samstarfi og erum í norrænum samtökum NNCA (Nordic Network of Crafts Associations). Þessi samtök vinna mikilvægt starf við að kynna norrænt listhandverk heima og heiman. Samtökin funda á 10 mánaða fresti og njóta norræns styrks vegna þessara fundarhaldna.“

AGUSTAV á Eiðistorginu

Þess má geta að haldnar verða gluggasýningar á skrifstofu HANDVERKS OG HÖNNUNAR á



Kollur eftir AGUSTAV.

Eiðistorginu og sú fyrsta opnaði 18. apríl sl. Þar sýndi Embla Sigurgeirsdóttir nýleg verk. Nú hefur verið opnuð ný sýning sem mun standa út ágústmánuð. Það er mjög spennandi fyrirtæki sem heitir AGUSTAV. Allar vörur AGUSTAV, stórar sem smáar, eru hannaðar og smíðaðar af ástríðu fyrir vönduðu handverki og tímalausri hönnun. AGUSTAV vinnur með heildstætt hönnunar- og framleiðsluferli þar sem notagildi og fagurfræði kallast á. Fyrsta vara AGUSTAV, Bókasnaginn, er verðlaunuð hönnunarvara og hefur verið seldur um gjörvallan heim. Umfjallanir um AGUSTAV hafa birst í heimsþekktum tímaritum og blöðum s.s. Vogue, Tatler Magazine, GQ, Berlingske Business ofl. AGUSTAV leggur mikið uppúr umhverfisvænni framleiðslu og gróðursetur tré fyrir hverja selda vöru. AGUSTAV heldur úti sýningarrými og verkstæði að Funahöfða 3, 110 Reykjavík.

HANDVERK OG HÖNNUN er á Facebook, Instagram og Twitter og nýtir samfélagsmiðla til að auðvelda skjólstæðingum og öðrum áhugasömum að fylgjast með starfseminni.

Meiri upplýsingar um starfseminna eru á: www.handverkoghonnun.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Afmælissýning Bjargar í Gallerí Gróttu



Það var svo sannarlega mikið fjölmenni á sýningaropnun Bjargar Ísaksdóttur myndlistarkonu þegar hún opnaði afmælissýningu í Gallerí Gróttu í tilefni af 90 ára afmælinu sínu þann 31. maí sl.

Á sýningunni má sjá bæði glæný verk eftir Björgu sem og ýmiss eldri verk en hún er enn afar afkastamikil og dugleg að mála. Seltirningurinn Björg er flestum Seltirningum kunn enda verið búsett hér nær alla tíð og virkur þátttakandi í menningarlífinu. Hún var meðal annars ein af stofnendum Myndlistarklúbbs Seltjarnarness á sínum tíma sem starfræktur var um langa hríð hér í bæjarfélaginu. Fjöldi fólks heiðraði Björgu á afmælisdaginn enda mikil tímamót að halda upp á 90 ára afmæli og opna myndlistarsýningu á sama tíma. Íbúar eru eindregið hvattir til að skoða sýningu Bjargar í Gallerí Gróttu en hún verður opin til loka júlí.

Hreinar fjörur eða hvað?

Fjörur umlykja okkur á Seltjarnarnesi á flesta vegu. Þær höfða til okkar og eru stór þáttur í skynjum okkar á náttúrunni og nánasta umhverfi. Þær eiga því að vera hreinar, aðgengilegar og undir vakandi gæslu okkar allra og sameiginlega. Lífríki þeirra er gróskumikið eins og rannsóknir sýna. Fjörur kynna okkur jarðsöguleg fyrirbæri eins og fjörumó, skeljalög og þversnið hrauna og jarðlaga sem við byggjum á og geyma minjar úr sögu Seltirninga til mörg hundruð ára. Nú sprettur fram nýr áhugi og skilningur eykst á stöðu og gildi fjörunnar fyrir mannlíf og lífríki lands og sjávar og við skynjum líka breytingar sem geta orðið vegna hækkunar sjávarborðs og breytts veðurfars. Sjálfsprottinn hópar taka sig saman í auknum mæli og plokka rusl í fjörum. Einnig fara stórir hópar barna í fjörunnar til upplifunar og náms. Mengun vegna lífræns úrgangs hefur löngum valdið hér vandræðum og dregið úr trausti á að við þekkjum ástandið frá einum tíma til annars, eins og dæmin sanna þegar við fengum ekkert að vita lengi um áhrif bilunar hreinsikerfis við Sörlaskjól á fjörur á Seltjarnarnesi.

Nýleg skýrsla Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis sem Seltjarnarnes er aðili að, um mengun strandsjávar hér ætti að vera okkur hvatning til árvekni, fræðslu um stöðu mála og umræðu um eftirlit og úrbætur. Yfirflæði úr skolpútrásum fer í sjó vegna of mikils álags á flutningskerfið af öllu því vatni sem því er ætlað að flytja. Við íbúarnir verðum að fá upplýsingar um ástandið á hverjum tíma og það þarf að finna lausnir á vandanum. Það er bæjaryfirvalda að sjá til þess. Eðli máls samkvæmt þarf samstarf umhverfisnefndar Seltjarnarness og heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis að vera virkt, upplýsinga aflað og þær metnar og kynntar skipulega. Það yrði grunnur að viðtækari umfjöllun í bæjarfélaginu í að skýra og finna þær lausnir sem færar eru. En umfram allt ýtum ekki undir óöryggi fólks þegar það finnur að það fær ekki þær upplýsingar sem það vissulega á fullan rétt á og eru forsendur umræðu og úrlausna.

Hér er verk að vinna.

Stefán Bergmann



Stefán Bergmann.



Gleðilegt síðsumar!



FLOHETTAN DÝPKAR FRÍÐ

FLOHETTAN er framúrskarandi íslensk hönnun sem færir okkur djúpa slökun og vellíðan í vatni. Farðu dýpra inn á við fríinu. Líka í netsölu á www.systrasamlagid.is



LÍFRÆNN SAMFESTINGUR

Nýtt jógafermerki á Íslandi. Ripple Yoga framleiðir vinsælustu lífrænu jógasamfestinganna í heiminum í dag og margt annað.



HAFRAGRAUTUR DELUXE

Hafragrauturinn okkar er engu líkur. Lúxusútgáfan er í upphaldi margra sem njóta hans daglega. Lífrænn, spíraður og glútenlaus, eins og hafragrautur á að vera. Prófaðu villtan aðalbláberjalatte með.



KRISTLASVATNS-FLÖSKUR

Gæða vatnsflöskur úr þýsku ölpunum hlaðnar jákvæðum náttúrusteinum. Nokkrar tegundir.



FATNAÐUR BySirrý

Sirrý er ein af okkar fremstu textilhönnuðum. Falleg hönnun hennar fæst í Systrasamlaginu.

ÓÐINGÖTU 1, REYKJAVÍK
Ný heimasíða: systrasamlagid.is
facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 16.

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Veisluhöld

Mikið fjór hefur verið í félagstarfi eldri bæjarbúa í sumar og dagskráin verði þétt. Sumarið hófst með grillveilsu þar sem Hörður Bjarkason og Björn Janutsh Kristinsson skemmtu fólki með söng og hljófæraleik. Veisluhöldin voru haldin á Skólabraut og var mæting upp á fjórða tug. Konurnar í handavinnuhópnum fóru einnig út á lífið í júní en þær fóru út að borða á veitingarstaðinn Hafid.

Ungur temur gamall nemur

Í sumar hefur farið fram snjallsíma og spjaldtölvunámskeið á Skólabraut þar sem ungir bæjarbúar kenndu þeim eldri á tæki. Yfir 20 manns mættu á námskeiðið en bætt var við kennsludögum vegna eftirspurnar. Á námskeiðinu var farið yfir hvernig hægt væri að hringja, senda smá skilaboð, facebook, snapchat, og hvernig ætti að taka sjálfu svo eitthvað sé nefnt.

HM stofan á Skólabraut

Eins og á öðrum stöðum á landinu var fátt annað gert í júní en að ræða eða horfa á heimsmeistaramótið í knattspyrnu. Allir leikir voru sýndir í samkomusalnum á Skólabraut en þar safnaðist fólk saman til þess að styðja strákana okkar.

Sumarferð

Þegar þessar línur eru skrifaðar stendur fyrir dyrum sumarferð félagsstarfsins um Reykjanes, þ.e. miðvikudaginn 11. júlí. Um 30 manns eru þegar skráðir. Í næsta blaði Nesfrétta segjum við nánar frá ferðinni.

Harmonikkuball

Ungmennaráð Seltjarnarness hefur síðustu 8 ár staðið fyrir harmonikkuballi í júlí við smábátahöfnina á Seltjarnarnesi. Á hverju ári hefur verið mikill fögnuður og tekist með eindæmum vel. Brúað hefur verið ákveðið bil milli kynslóða þar sem fólk á öllum aldri hefur mætt og skemmt sér vel saman. Harmonikkuballið verður haldið í ár með sama hætti og áður þann 18. júlí við smábátahöfnina milli 16:00 og 18:00.

Fastir dagskráliðir

Í hverri viku er ýmslegt í gangi í félagstarfi eldri bæjarbúa eins og botsía, leikfimi, pútt, bingó, spil, göngutúrar og síðan er kaffispjallið alltaf á sínum stað. Mjög góð þáttaka hefur verið í öllum dagskrárlíðum. Félagstarfið er aðgengilegt öllum og hvetjum við bæjarbúa til þess að hafa samband ef þau hafa einhverjar fyrirspurnir. Fimmfundaginn 5. júlí síðastliðinn var spiluð félagsvist en í þetta skiptið sigruðu Haraldur Kristjánsson og Jóhanna Rósenkranz.

Endilega mætið á Skólabrautina í aðstöðu félags og tómstundastarfsins til að fá nánari upplýsingar varðandi dagskrá félagsstarfsins næstu vikunar.

Allir alltaf velkomnir.



Sýning í Bókasafni Seltjarnarness

Frostaveturinn mikli



Frostaveturinn mikli 1918 nefnist spennandi sýning sem nú stendur yfir í Bókasafni Seltjarnarness. Þar má sjá fréttir um ýmsar upplýsingar um þennan harðindavetur sem lengi var í manna minnum. Þótt öld sé liðin frá þessum náttúruhamförum og þeir sem lifðu þær hafi náð 100 ára aldri er þessar tíma minnst með ýmsum hætti.

Sýningin er sett upp í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands sem er á þessu ári nánar tiltekið 1. desember á komandi vetri. Þar má nú meðal annars sjá ísbjörn í fullri stærð og einnig glugga í ýmsar bækur og fréttir frá þessum tíma. Árið 1918 gengu a.m.k. 27 ísbirnir á land á Íslandi. Að mæta bjarndýri gat verið stórhættulegt eins og dæmi bónda á Eldjárnsstöðum á Langanesi sýnir. Allt um það og meira til í Bókasafni Seltjarnarness.

Leiðrétting

Í síðasta tölublaði Nesfrétta birtum við forsiðumynd af fólki sem hélt síðustu kyrndarstund Seltjarnarneskirkju á liðnum vetri í sumarbústað upp í Borgarfirði. Sagt var að sumarbústaðurinn væri í eigu Kristínar Claessen, sem ekki er rétt. Sumarbústaðurinn er í eigu Barða Theódórssonar og Elínar Gissurardóttir og er beðist afsökunar á þessum mistökum.



Það er einfalt að flokka plastumbúðir á Seltjarnarnesi

Pokar fyrir plastumbúðir fást íbúum að kostnaðarlausu í íþróttamiðstöðinni



1 Skolið umbúðir svo ekki komi ólykt við geymslu

2 Staflað þeim saman svo þær taki minna pláss



3 Setjið umbúðirnar í pokann og bindið fyrir þegar hann er fullur



4 Setjið pokann í gráu tunnuna fyrir almennt sorp



Við flokkum pokana svo frá öðrum heimilisúrgangi í móttökustöð SORPU og komum plastinu í endurvinnslu

GÓÐ ÞJÓNUSTA á Eiðistorgi



Leifa
boutique

Eiðistorgi • Sími 551 2323

VÍNBUÐIN

3ernir

Eiðistorgi, 2 hæð.

--- kvikmyndagerð --- Klippivinnsla ---
--- 2d/3d grafík ---



Ljósmyndastofa Erlings
Silla og Erling
552-0024
erling.is

MUNDO
www.mundo.is

Skjámynd

skjamynd.is - fjarskiphandbokin.is

Áttu erfitt með
að slaka á, festa
svefn eða fá góða
næturhvíld?

Fæst í öllum apótekum, heilsuvörverslunum
Hagkaupum, Nettó og Frihöfninni Keflavíkur-
flugvelli.



ICEHERBS
NATURA ISLANDICA

20%
AFSLÁTTUR
Í JÚLÍ



www.iceherbs.is



Fimmti flokkur á N1 mótinu

Fimmti flokkur drengja lék á dögnum á N1 mótinu á Akureyri. Mótið er gríðarstórt, alls 188 lið og um 1800 iðkendur. Sannkallað heimsmeistaramót fyrir strákana.

Gróttu sendi til leiks 36 leikmenn í fjórum liðum og má sannarlega segja að allir strákarnir hafi verið sjálfum sér og Gróttu til sóma frá upphafi til enda. Gróttuliðin léku flottan sóknarbolta og spiluðu marga skemmtilega leiki. Gróttu 2, Gróttu 3 og Gróttu 4 lentu öll um miðja deild í sínum styrkleika. Chile deildinni, ensku deildinni og grísku deildinni. Lið 1 fór svo alla leið og sigraði Brasilísku deildina eftir æsispennandi úrslitaleik við KA sem endaði með vítaspynukeppni þar sem Gróttu hafði betur.

ENSKA KNATTSPYRNU AKADEMÍAN



Afreksnámskeið Gróttu og Chris Brazell, akademíuþjálfara frá Englandi.

Christopher Arthur Brazell er einn yngsti þjálfarinn til að útskrifast með UEFA-A þjálfaragráðu frá Ensku Knattspyrnusambandinu, FA. Síðustu ár hefur hann þjálfað hjá Norwich FC sem er akademía af hæsta gæðaflokki á Englandi. Chris hefur viðtæka reynslu af því að starfa með börnum og unglingum bæði á Englandi og í Þýskalandi á sínum þjálfaraferli.

Gróttu kynnir með stolti „Ensku knattspyrnu akademíuna“ en námskeiðin eru frábært tækifæri fyrir iðkendur félagsins til að kynnast aðferðum og áherslum beint frá Englandi, vögu knattspyrnunnar.

Námskeið 1:

Fyrir 11-13 ára (börn fædd 2005-2007)
23. júlí – 3. ágúst


Námskeiðin fara fram á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum klukkan 10.30 - 12.00 á Vivaldivellinum.

Takmarkaður fjöldi þátttakenda.

Námskeiðið kostar 15.000 krónur og fer skráning fram á grotta.felog.is

Námskeið 2:

Fyrir 14-16 ára (börn fædd 2002-2004)
7. ágúst – 17. ágúst



Stelpurnar í fimmta flokki á Pæjumótinu



Stelpurnar í fimmta flokki léku á Pæjumótinu í Eyjum um miðjan júní. Gróttu sentu til leiks 23 stelpur í tveimur liðum. Bæði lið sýndu dugnað og baráttu á mótinu og enduðu í 5. og 4. sæti.

Rut Heiðarsdóttir keppti fyrir hönd Gróttu í Pressuliði í landsleik mótsins og stóð sig með þryði. Þóra og Kamilla, þjálfarar flokksins, voru mjög ánægðar með mótið, kraft stelpnanna og vinnu foreldranna, enda mikið skipulag í kringum svona mót. Það var ekki bara spilaður fótbolti í Eyjum, stelpurnar prófuðu að spranga, fóru í bátsferð og tóku þátt í hæfileikakeppni. Mikið líf og fjör hjá fimmta flokki kvenna sem bíða ólmar eftir Síamótinu sem er í júlí.

Sjötti flokkur mætti með fimm lið

Sjötti flokkur kvenna mætti með fimm lið á Landsbankamót Tindastóls á Sauðárkróki helgina 22. til 24. júní. Gaman er að segja frá því að aðeins fimm félög mættu til leiks með stærri hópa en Gróttu sem verður að teljast til tíðinda fyrir ekki stærra félag.

Öll liðin áttu góða spretti á mótinu og spiluðu glæsilegan fótbolta. Gróttu1 tapaði fyrsta leiknum á móti

Stjörnunni en gerði sér svo lítið fyrir og vann sex leiki í röð og tryggði sér bronsverðlaun. Gróttu3 spilaði einnig um brons en þar hafði Stjarnan2 betur í góðum leik. Lið Gróttu2, Gróttu4 og Gróttu5 fóru hægt af stað en enduðu öll mótið á frábærum leikjum í restina. Ekki nóg með að leikirnir hafi unnist heldur spiluðu Gróttuliðin frábæra sýn á milli og sýndu stelpurnar sjálfum sér og öðrum hve miklum framförum þær hafa náð á tímabilinu. Það er skammt stórra högga á milli hjá Sjöttu flokki kvenna en á föstudaginn hefja stelpurnar leik á Síamótinu - stærsta fótboltamóti landsins. Þar mætir Gróttu aftur með fimm lið til keppni og verður gaman að fylgjast með framgangi stelpnanna í Kópavoginum.



Old boys lið Gróttu sigurvegari



Old boys lið Gróttu gerði heldur betur góða hluti á Akureyri þegar liðið stóð uppi sem sigurvegari í Öðlingadeild Pollamótsins, 45 ára og eldri, eftir fjölda leikja og krefjandi úrslitaleik um fyrsta sætið sem endaði í vítaspynukeppni eftir framlengingu.

Gróttu hefur verið með á Pollamótinu frá upphafi og nú á þessu 31. móti er titillinn og bikarinn loksins kominn í hús.

Garðar Guðmundsson eigandi og stjórnandi liðsins og stofnandi Gróttu á sínum tíma hefur haldið utan um Gróttuliðið öll árin. Hann eins og allir liðsmenn Old boys Gróttu fyrr og síðar eru afar stoltir og ánægðir með sigurinn og skoraðist Garðar sem er 76 ára að sjálfsögðu ekki undan þeirri áskorun sem sett var ef Gróttu myndi sigra þ.e. að láta lita hár sitt og skegg.

SELTIRNINGAR VIÐ LEITUM EFTIR ÞÍNU ÁLITI



Umhverfisnefnd Seltjarnarness veitir á hverju ári viðurkenningar fyrir fagra garða, snyrtilegan frágang lóða, eldri uppgerð hús, götur, opin svæði og falleg tré.

Bæjarbúar sem vilja koma ábendingum á framfæri er bent á að senda tölvupóst á netfangið postur@seltjarnarnes.is eða hafa samband við þjónustuver bæjarins í síma 595 9100 sem fyrst.

Með fyrirfram þökk,
Umhverfisnefnd Seltjarnarness



SELTJARNARNESBÆR

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Aníta Rós sem hefur æft skiði með Skiðadeild KR síðan hún var 4 ára. Síðasta vetur vann Aníta gull á Unglingameistaramóti Íslands og á Andrésar andarleikunum. Aníta æfir einnig ballett í Ballettskóla Guðbjargar Björgvins.

Fullt nafn? Aníta Rós Karlsdóttir.
Fæðingard. og ár? 29. janúar 2004.
Starf? Nemandi í Való.
Farartæki? Hjól.
Helstu kostir? Jákvæð og bjartsýn.
Eftirlæti matur? Erfið spurning
Eftirlæti tónlist? Popptónlist.
Eftirlæti íþróttamaður?

Enginn sérstakur.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Lögregluþættir.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Innan múrana.

Uppáhalds leikari? Enginn sérstakur.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Margar góðar. Get ekki valið á milli.

Hvað gerir þú í fristundum þinum?

Er með vinum mínum og á skíðum.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Leirufjörður.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Jákvæðni og góðmennsku.

Hvern vildir þú helst hitta?

Engan sérstakan.

Uppáhalds vefsíða?

Ýmsir samfélagsmiðlar.



Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?

Skiðiferð.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti?

Ferðalag með fjölskyldunni og setja afganginn í banka.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?

Setja stökkpall við sundlaugina.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Fá góða vinnu og hafa gaman.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Var mánuð í íþróttaskóla í Danmörku, vann við gróðursetningu í Leirufirði og fór á ættarmót í Bolungarvík.



GETRAUNANÚMÉR
GRÓTTU ER
170

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsd.



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242





Ray-Ban



Red Bull

JENSEN
EYEWEAR



COCOA MINT

SMITH

bolle

Sólin er komin!

Við bjóðum sólgleraugu í miklu úrvali frá þekktum vörumerkjum á góðu verði. Heimspækt vörumerki og fjölbreytt vöruval. Auk þess bjóðum við allskonar gleraugu, leskleraugu sem og margskipt gleraugu, linsur, sólgleraugu, hjólagleraugu, hlaupagleraugu, skíðagleraugu, fjallagleraugu, veiðigleraugu með eða án styrks.

Kíktu í heimsókn og skoðaðu úrvalið.



Cocoa Mint 2020 sólgleraugu kr. 14.500,-



Ray-Ban Caravan sólgleraugu kr. 19.900,-



Ray-Ban Clubround sólgleraugu kr. 27.900,-



Cébé Wild 7 sólgleraugu kr. 21.900,-



Land Rover Helvellyn sólgleraugu kr. 18.900,-



Cocoa Mint 2001 sólgleraugu kr. 12.900,-



Jensen 7557 sólgleraugu kr. 14.900,-



Redbull Bubble sportgleraugu kr. 17.750,-

Gott verð á glerjum

Einfókus gler (USA) - verð frá kr. 7.380,-
Margskipt gler (USA) - verð frá kr. 19.980,-
(eingöngu í USA umgjörðir)

Einfókus gler - verð frá kr. 16.900,-
Margskipt gler - verð frá kr. 41.900,-